

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmál-efni Reykjavíkur, til að öðlast gildi 1. apríl 1965, og fellur þá jafnframt úr gildi byggingarsamþykkt nr. 195/1945, ásamt breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglur byggingarsamþykktar nr. 195/1945, um gerð steinsteypu og járnalagnir, skulu halda gildi sínu, unz byggingarnefnd hefur sett nýjar reglur um þau efni, samkv. 39. og 41. gr. samþykktar þessarar.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:

Miðað við 12. launaflokk (kennarar án kennararéttinda)	kr.	69.75
— — 15. —	—	78.50
— — 15. — (söngkennarar með $\frac{1}{2}$ kennsluskyldu) .	—	98.10
— — 16. — (kennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt, talkennarar, blindrakennarar og kennarar við heimavistarskóla)	—	81.60
— — 16. — (söngkennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt)	—	102.05
— — 17. — (vanvitaskólakennarar)	—	106.15

II. Í húsmæðraskólum:

Miðað við 13. launaflokk (kennarar án kennararéttinda)	—	89.80
— — 16. —	—	101.00
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	109.25
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	—	118.90

III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):		
Miðað við 16. launaflokk	kr. 101.00
— — 16. —	(söngkennarar með $\frac{4}{5}$ kennsluskyldu)	— 126.30
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 109.25
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 118.90
IV. Í iðnskólum:		
Miðað við 16. launaflokk	— 101.00
— — 18. launaflokk	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 109.25
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 118.90
V. Í Hjúkrunarskóla Íslands:		
Miðað við 16. launaflokk	— 101.00
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 109.25
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 118.90
VI. Í Handíða- og myndlistarskólanum:		
a) Listiðnaðardeildir:		
Miðað við 16. launaflokk	— 101.00
b) Kennaradeildir (vefnaðar- og teiknikennaradeildir):		
Miðað við 18. launaflokk	— 117.70
VII. Í Heyrnleysingjaskólanum:		
Miðað við 16. launaflokk	— 101.00
VIII. Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):		
Miðað við 18. launaflokk	— 117.70
IX. Í Vélskólanum í Reykjavík:		
Miðað við 16. launaflokk	— 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

X. Í Íþróttakennaraskóla Íslands:		
Miðað við 18. launaflokk	kr. 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10
XI. Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:		
Miðað við 18. launaflokk	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10
XII. Í Kennaraskóla Íslands:		
a) Íþróttakennarar:		
Miðað við 18. launaflokk	— 117.70
b) Kennarar við handavinnudeild:		
Miðað við 18. launaflokk	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10
c) Aðrir kennarar:		
Miðað við 20. launaflokk	— 135.15
XIII. Í menntaskólum:		
a) Íþróttakennarar:		
Miðað við 18. launaflokk	— 117.70
b) Aðrir kennarar:		
Miðað við 20. launaflokk	— 135.15
XIV. Í Stýrimannaskólanum:		
Miðað við 16. launaflokk	— 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10
XV. Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:		
Miðað við 16. launaflokk	— 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XVI. Í búnaðarskólum:

Miðað við 16. launaflokk	kr. 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XVII. Í Garðyrkjuskóla ríkisins:

Miðað við 16. launaflokk	— 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
Miðað við 19. launaflokk	(kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XVIII. Í Tækniskóla Íslands:

Miðað við 20. launaflokk	— 135.15
--------------------------	-------	----------

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt 12. launaflokki	kr. 91.89
— 13. —	— 95.63
— 15. —	— 103.43
— 16. —	— 107.50
— 18. —	— 116.29
— 19. —	— 128.16
— 20. —	— 135.20

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. marz 1965 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. marz 1965.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um komu, brottför og yfirflug erlendra flugfara í millilandaflugi yfir íslenskt yfirráðasvæði.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Loffferðir um íslenskt yfirráðasvæði eru háðar gildandi íslenskum reglum um loffferðir.

2. gr.

Tilkynna skal flugmálastjóra flugáætlun fyrir hvert flug, samkvæmt þeim reglum (NOTAM), sem hann ákveður.

3. gr.

Loffför, sem koma til Íslands frá öðrum löndum, skulu nota tollflugvöll til fyrstu landingar og síðasta flugtaks, áður en utan er haldið, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 134 27. júlí 1945.

4. gr.

Ríkisloffför falla ekki undir reglugerð þessa.

5. gr.

Flugmálastjóri eða umboðsmaður hans gefur út leyfi til loffferða yfir íslensku yfirráðasvæði og landingarleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

Hvers konar umsóknir um landingarleyfi, sem koma frá utanríkisráðuneytum eða sendiráðum erlendra ríkja, skulu sendar utanríkisráðuneytinu, hvort sem ríkin eru aðilar að Chicago-samningnum eða ekki. Umsóknir, er berast frá flugmálayfirvöldum annarra ríkja, skulu hins vegar sendar flugmálastjóra.

II. Áætlunarflug.

6. gr.

Eigi má starfrækja reglubundnar loffferðir í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði, nema með leyfi flugmálaráðherra.

7. gr.

Erlendur aðili, sem halda vill uppi reglubundnum loffferðum í atvinnuskyni, samkvæmt samningi milli Íslands og annars ríkis, má hefja þær án sérstaks leyfis, nema slíkt leyfi sé áskilið í samningnum.